



MINNISBLAÐ

Viðtakandi: Skóla- og frístundaráð

Sendandi: Sviðsstjóri skóla- og frístundasviðs

Staða ráðninga á skóla- og frístundasviði 8. janúar 2025

Þann 8. janúar 2025 var send fyrirspurn til stjórnenda grunnskóla, leikskóla og frístundaheimila á skóla- og frístundasviði um stöðu í starfsmannamálum. Svör bárust frá öllum. Samkvæmt svörum þeirra er búið er að ráða í um 98% stöðugilda í grunnskólum, 96,7% grunnstöðugilda í leikskólum og um 88,4% í frístundaheimilum /sértækum félagsmiðstöðvum. Eftir á að ráða í 44,1 stöðugildi í grunnskólunum, 55,1 grunnstöðugildi í leikskólum og 32,9 stöðugildi í frístundaheimilum og sértækum félagsmiðstöðvum.

	Austur- miðstöð	Norður- miðstöð	Suður- miðstöð	Vestur- miðstöð	Samtals
Leikskóli	14,1	12	10	19	55,1
Grunnskóli	12,6	10	10,5	11	44,1
Frístundaheimili og sértækar félagsmiðstöðvar	11,4	14	3,5	4,0	32,9
Fjöldi stm í fríst.starfi	20	27	7	8	62

Tafla 1. Staðan í ráðningum skipt eftir starfsemi og borgarhlutum 8. janúar 2025

Í leikskóla á eftir að ráða í 55,1 stöðugildi á deildum, sérkennslu og stjórnun samanborið við 62 stöðugildi þann 20. nóvember síðastliðinn og 46,8 stöðugildi þann 16. janúar 2024. Að auki á eftir að ráða í samtals 13 stöðugildi í eldhús og vegna afleysinga vegna undirbúningstíma og skammtímaveikinda samanborið við 19 í síðustu stöðutöku. Samtals á því eftir að ráða í 67,7 stöðugildi samanborið við 81 stöðugildi þann 20. nóvember síðastliðinn en þann 16. janúar fyrir ári átti eftir að ráða í 61 stöðugildi.

Spurningin sem leikskólastjórar svöruðu var hvað vantar mikið af stöðugildum í dag miðvikudaginn 8. janúar, þannig að fullmannað sé miðað við að öll börnin hafi hafið vistun, þ.e þau börn sem eru í vistun í dag og þau sem búið er að bjóða vistun. Því byggja ofangefnar tölur á þeim degi en jafnframt gáfu leikskólastjórar upp að búið er að ganga frá ráðningu í 9 stöðugildi en það starfsfólk hefur ekki hafið störf enn. Auk þessara stöðugilda sem vantar á gefnum degi vænta leikskólastjórar þess að þeir þurfi að ráða í um 28 önnur stöðugildi í stað núverandi starfsfólks sem mun fara í leyfi eða hætta störfum á komandi vikum og mánuðum, þann 20. nóvember var þessi tala 47,5. Fullmannað er í 53% leikskólanna, rúman fimmtung leikskólanna vantar starfsfólk í 1 eða færri stöðugildi, 9% vantar 1 til 2,5 stöðugildi en 11 leikskólar eiga eftir að ráða í 2,5 til 6 stöðugildi. Þess ber að geta að tveir leikskólar eru að ráða starfsfólk vegna stækkunar en það er ekki stöðugildi sem vantar til að reka leikskólana í dag og þær tölur því ekki með í heildarfjöldanum.





Í **grunnskóla** á eftir að ráða í 44,1 stöðugildi samanborið við 68,1 stöðugildi 4. september síðastliðinn og 25,9 stöðugildi þann 16. janúar 2024. Unnið er að því að ráða í 15 stöðugildi kennarar og 22,1 stöðugildi í stuðning. Einhverjar af þessum ráðningum koma til vegna langtíma veikinda.

Í **frístundaheimili/sértækar félagsmiðstöðvum** á eftir að ráða í 32,9 stöðugildi eða 62 einstaklinga samanborið við 31,6 stöðugildi þann 20. nóvember síðastliðinn og 38,1 stöðugildi 16. janúar 2024. Ráðið hefur verið í rúmlega 88% stöðugilda. Þann 8. janúar voru 133 börn á biðlista af 3.966 börnum. 3.835 börn hafa fengið samþykkað vistun, þar af eru 3.713 börn í fullri umbeðinni vistun en 122 í hlutavistun. Öll frístundaheimilanna hafa náð umbeðinni vistun í 1. bekk og 2. bekk, 74% frístundaheimilanna hafa náð umbeðinni vistun í 3. bekk og 64% í fjórða bekk.

Niðurstöðurnar eru nýttar til að greina stöðuna og beina stuðningi til þeirra starfstaða sem er í mönnunarfanda. Ákvarðanir um auglýsingaherferðir byggja jafnframt á þessum upplýsingum. Þá fá fagstjórar, stjórnendur og mannauðsráðgjafar í miðstöðvum góða yfirsýn yfir stöðuna og fjármálaráðgjafar og stjórnendur starfstaðanna stilla saman strengi hvaða heimildir eru til ráðninga.





Fylgiskjöl

Tölfræði um stöðu ráðninga og áhrif á þjónustu.

Leikskólar

Miðstöð	Aðstoðarleik- skólastjóri	Grunnstöðu gildi á deild	Sérkennslu- stjóri	Úthlutuð sérkennsla (sérkennslustjóri ekki talinn með hér)	Samtals
Austurmiðstöð	1,00	10,00	0,00	3,10	14,10
Norðurmiðstöð	0,00	8,00	0,00	4,00	12,00
Suðurmiðstöð	0,00	4,00	0,00	6,00	10,00
Vesturmiðstöð	0,00	13,00	0,00	6,00	19,00
Samtals	1,00	35,00	0,00	19,10	55,10

Tafla 1a - Fjöldi grunnstöðugilda í leikskólum sem á eftir ráða í eftir borgarhlutum og tegund starfa

Miðstöð	Afleysing v. undirbúningstíma og skammtímaveikinda	Stöðugildi í eldhús (ef ekki er úthýst)
Austurmiðstöð	1,00	0,00
Norðurmiðstöð	6,00	0,00
Suðurmiðstöð	5,00	0,00
Vesturmiðstöð	1,00	0,00
Samtals	13,00	0,00

Tafla 1b - Fjöldi annarra stöðugilda í leikskólum sem ég eftir að ráða í eftir borgarhlutum og tegund starfa

Frístundaheimili og sértækar félagsmiðstöðvar

Tegund Miðstöð	Frístundaheimili		Sértæk félagsmiðstöð	
	Fjöldi stöðugilda sem á eftir að ráða í	Fjöldi starfsfólks (kt) sem á eftir að ráða	Fjöldi stöðugilda sem á eftir að ráða í	Fjöldi starfsfólks (kt) sem á eftir að ráða
Austurmiðstöð	9,4	16	2,0	4
Norðurmiðstöð	10,5	21	3,5	6
Suðurmiðstöð	3,5	7	0,0	0
Vesturmiðstöð	4,0	8		
Samtals	27,4	52	5,5	10

Tafla 2 - Fjöldi stöðugilda og starfsmanna í frístundaheimilum og sértækum félagsmiðstöðvum sem á eftir að ráða í eftir borgarhlutum.



Miðstöð	Fjöldi kt.	Samþykkt	Þar af fjöldi í hlutavistun	Biðlisti
Austurmiðstöð	1367	1264	122	105
Norðurmiðstöð	1093	1092	0	1
Suðurmiðstöð	622	595	0	27
Vesturmiðstöð	884	884	0	0
Samtals	3966	3835	122	133

Tafla 3 - Fjöldi barna, samþykktra barna og þar af fjöldi barna í hlutavistun og fjöldi barna sem er á biðlista með enga vistun.

Miðstöð	Stjórnun (aðstoðarskólastj. og deildarstj.)	Kennsla	Stuðningur	Önnur almenn stöðugildi	Alls
Suðurmiðstöð	2,0	4,0	4,5	0,0	10,5
Austurmiðstöð	1,0	1,0	8,6	2,0	12,6
Vesturmiðstöð	1,0	6,0	4,0	0,0	11,0
Norðurmiðstöð	0,0	4,0	5,0	1,0	10,0
Samtals	4,0	15,0	22,1	3,0	44,1

Tafla 4 – Fjöldi stöðugilda í grunnskóla sem á eftir að ráða í eftir borgarhlutum.